

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997,
um veiðar í atvinnuskyni.

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Hörpudiskur samtals	9.100 lestir
Þ.a. Breiðafjörður	8.000 lestir
Þ.a. Húnaflói	1.000 lestir
Þ.a. Arnarfjörður	300 lestir

2. gr.

Í stað „1. september 1996 til 31. ágúst 1997“ í 1. ml. 1. mgr. 10. gr. komi: 1. september 1997 til 31. ágúst 1998.

3. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 5. mgr. 20. gr. komi: 4. mgr.

4. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: Fyrir 10. september 1997, skal þeim skipum sem aflareynslu hafa í skrápflúru og sandkóla á tímabilinu 1. júní 1994 til 31. maí 1997, á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu. Afli af þessum tegundum sem veiðist 1. september 1997 til 31. ágúst 1998 reiknast til aflamarks viðkomandi skips.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. ágúst 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.